


Samantekt um röðun safna í þrjú undirkerfi

Landskerfi bókasafna er að leggja lokahönd á kerfislega uppsetningu bókasafnanna í nýja Sierra kerfinu. Kerfishögun í nýju kerfi er ólík þeirri sem við þekkjum frá Aleph kerfinu. Til að koma til móts við kröfur bókasafnanna um meiri aðskilnað á milli safna hvað varðar lánþega- og útlánaupplýsingar ásamt breyttu lagalegu umhverfi með nýjum persónuverndarlögum er lagt upp með þrjú aðskilin kerfi. Þetta gerir líka betur kleift að mæta þörfum ólíkra safnagerða.

Grunnhögun kerfisins er þrjú aðskilin kerfi sem hvert um sig sinnir ákveðnum hópi safna:

- Grunnskólasöfn
- Almenningsbókasöfn
- Háskóla-, framhaldsskóla- og sérfræðisöfn

Kerfin eru síðan tengd saman með „regnhlífarkerfi“ fyrir sameiginlega leit og samnýtingu safnkosts, sjá mynd.



Röðun safna í kerfin er endanleg. Í því felst að ekki verður hægt að flytja söfn á milli kerfa síðar nema með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn. Þess vegna er nauðsynlegt að hvert safn samþykki kerfislega staðsetningu síns safns.

Það er að mestu leyti sjálfgefið hvernig söfnin raðast í kerfi en þó þarf að hafa í huga samstarf og hugsanlegar breytingar á eðli safna í framtíðinni. Í litlum sveitarfélögum eru samsteypusöfn (almennings- og grunnskólasöfn) algeng en annars staðar eru þessi söfn rekin sitt í hvoru lagi. Í því tilfalli að söfnin eru sitt í hvoru kerfinu og sveitarstjórn ákveður að sameina almennings- og grunnskólasafnið þá er það ekki framkvæmanlegt með vélrænum hætti. Við hjá Landskerfi bókasafna höfum því raðað sumum söfnum fámennra sveitarfélaga saman í kerfi óháð eðli. Í flestum tilfellum hefur söfnum verið skipað í almenningskerfið en þar sem meginhlutverk safnsins er grunnskóla-bókasafn en almenningskerfið hefur aðgang að safninu þá hefur því verið skipað með grunnskólabókasöfnum.

Það eru ýmis önnur álitamál eins og hvort héraðsskjalasöfn eða listasöfn eigi frekar að flokkast með almenningsbókasöfnum heldur en háskóla-, framhaldsskóla- og sérfræðisöfnum.

Hér er listi: <https://www.landskerfi.is/kerfin/innleiding-sierra/kerfishogun/kerfishogun> með upplýsingum um tillögu um staðsetningu safna í nýju kerfi. Nauðsynlegt er að gera athugasemdir sem fyrst ef þið teljið að safninu sé ekki raðað í rétt kerfi.

Upphaflega var rætt um að formlega yrðu söfnin að samþykkja röðun í kerfi á notendaráðstefnu Aleflis sem verður haldin næstkomandi fimmtudag, 23. Maí, en ljóst er að fyrirvarinn er of stuttur. Á ráðstefnunni verður röðun safnanna kynnt og rædd en hvernig formlegu samþykki verður háttáð skýrist fljótlega.